



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Alþingi

Erindi nr. P 140/1815

komudagur 18.4.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranes, 18. apríl 2012

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um stjórn fiskveiða og lagafrumvarp um veiðigjald, mál 657 og 658.

Stjórn Verkalýðsfélags Akraness getur ekki undir nokkrum kringumstæðum stutt áðurnefnd lagafrumvörp á meðan ekki hefur farið fram ítarleg rannsókn á hvaða áhrif þessi frumvörp hafa á atvinnuöryggi og kjör fiskvinnslufólks, sjómanna og síðast en ekki síst á byggðir þessa lands.

Rétt er geta þess að hundruð félagsmanna starfa í þessari grein bæði til sjós og lands og því miklir hagsmunir í húfi fyrir félagsmenn VLFA að ekki sé verið að gera þannig breytingar á stjórnun fiskveiða að það ógni atvinnuöryggi þeirra sem starfa í greininni.

Því ítrekar stjórn VLFA það að félagið getur ekki stutt þessi frumvörp og telur það í raun og veru ámælisvert að leggja þau fram án þess að kanna hver áhrifin eru á atvinnuöryggi og kjör þeirra sem starfa í greininni.

Það er mat félagsins að það svigrúm sem útgerðin hefur verið notað til að lagfæra og leiðrétta launakjör fiskvinnslufólks, en þau eru verkalýðshreyfingunni, Samtökum atvinnulífsins og útgerðinni til ævarandi skammar. Rétt er að upplýsa að heildarlaun sérhæfðs fiskvinnslumanns eftir 15 ára starf eru einungis 230.000 kr.

Stjórn Verkalýðsfélags Akraness veltir því fyrir sér hvort fyrirhugað auðlindagjald sé af sama meiði og kolefnisskatturinn sem átti m.a. að leggja á Elkem Ísland fyrir áramót, en sú skattlagning stefndi atvinnuöryggi þeirra sem þar störfuðu í algjöra óvissu eins og frægt var.

Að þessu sögðu þá krefst félagið þess að fram fari ítarleg ólíáð rannsókn á því hver áhrifin af þessum frumvörpum verða á atvinnuöryggi og kjör fiskvinnslufólks, sjómanna og byggða þessa lands.

F.h. Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson

Vilhjálmur Birgisson, formaður